



Söttvarnadagurinn 23. október 2015

Þann 23. október 2015 var haldinn Söttvarnadagur í fyrsta sinn. Til fundar voru boðaðir umdæmis- og svæðislæknar söttvarna á Íslandi. Ráðgert er að halda slíka fundi einu sinni á ári hið minnsta. Á fundinum var farið yfir lög og reglur, valdheimildir söttvarnalæknis og stöðu umdæmislæknanna, en þeir gegna lögum samkvæmt mikilvægu hlutverki við söttvarnir. Fjallað var ítarlega um samskipti söttvarnalæknis við umdæmis- og svæðislæknana, upplýsingamiðlun, skýrslugerðir og verklagsreglur. Einnig bar menntun og starfsþjálfun á góma. Þá var farið yfir vöktunarkerfi söttvarnalæknis, viðbragðskerfi og fyrirhugaðar æfingar á viðbragðsáætlun á Keflavíkurflugvelli og vegna heimsfaraldurs influensu.



Mynd 1

Meðfylgjandi mynd var tekin á Söttvarnadeginum sem haldinn var í Hannesarholti í 23. október 2015. Á myndinni eru: Pétur Heimisson, Óttar Ármannsson og Jónína Óskarsdóttir frá Austurlandsumdæmi, Oddur Steinarsson og Gunnar Ingi Gunnarsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Örn Ragnarsson og Jón Torfi Halldórsson frá Norðurlandsumdæmi, S. Hjörtur Kristjánsson, Ómar Ragnarsson, Víðir Óskarsson, Björn G. S. Björnsson og Elín Freyja Hauksdóttir frá Suðurlandsumdæmi, Fjölur Freyr Guðmundsson frá Suðurnesjaumdæmi, Hallgrímur Kjartansson frá Vestfjarðumdæmi og Þórir Bergmundsson og Rósa Marínósdóttir frá Vesturlandsumdæmi. Frá söttvarnalækni: Þórólfur Guðnason, Guðrún Sigmundsdóttir, Ása St. Atladóttir, Íris Marelsdóttir, Júlíana Héðinsdóttir og Haraldur Briem.

Æfing viðbragðsáætlunar á Keflavíkurflugvelli

Þann 11. nóvember 2015 var haldin söttvarnaæfing á Keflavíkurflugvelli sem byggðist á viðbragðsáætlun sem undirrituð var sumarið 2015 (*Farsóttufréttir*, október 2015). Þeim viðbragðsaðilum sem hlutverk hafa samkvæmt söttvarnaáætlun Keflavíkurflugvallar var boðin þátttaka. Viðbrögð voru góð frá öllum einingum, en um 50 manns mættu til æfingarinnar. Sviðsmynd æfingarinnar var sett fram sem alvarleg og hugsanlega bráðsmitandi veikindi (bráðalungnabólga) um borð í flugvél sem

óskaði eftir forgangi til lendingar á Keflavíkurflugvelli. Æfing af þessum toga hefur ekki áður farið fram á Keflavíkurflugvelli, svo vitað sé. Um var að ræða stjórnstöðvaræfingu þar sem vettvangur var skilgreindur á pappír. Aðgerðastjórn á Keflavíkurflugvelli var virkjuð ásamt vettvangsstjórn og hluta áhafnar Samhæfingarstöðvar almanna- varna í Reykjavík.

Dagurinn hófst með fræðslufundi þátttakenda í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ.

Viðbragðsáætlun söttvarna á Keflavíkurflugvelli var kynnt og kallað eftir sam-eiginlegum skilningi. Að loknum fræðslufundi fór fram þriggja tíma æfing með hraðri atburðarás. Eftirlitsaðilar og ráðgjafar komu frá Landspítala, Embætti landlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Þátttakendur voru sam-mála um að æfingin hefði heppnast vel og skilað góðum árangri.

Viðbragðsáætlun söttvarna á Keflavíkurflugvelli hefur verið uppfærð í samræmi

Efni:	bls.
Söttvarnadagurinn	1
Æfing viðbragðsáætlunar	1
Farsóttir 2015	2
Lærdómar af ebólufaraldrinum	3

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason söttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Íris Marelsdóttir
Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi


**Embætti landlæknis
Söttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



við niðurstöður æfingarinnar og 2. útgáfa hefur verið vistuð á vef Embættis landlæknis, á vefsíðunni [Viðbúnaður gegn vá](#) og á vef almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Mynd 2.
Frá sóttvarnaæfingu sem haldin var á Keflavíkurflugvelli 11. nóvember 2015.



Farsóttir árið 2015

Meðferðaráttak gegn lifrabólgu C

Eins og áður hefur komið fram samþykktu stjórnvöld í október sl. (*Farsóttafréttir*, október 2015) að samkomulag yrði gert um samstarfsverkefni heilbrigðisfyrivalda og lyfjafyrirtækisins Gilead um áttak til að útrýma lifrabólgu C á Íslandi. Lögum samkvæmt hefur velferðarráðuneytið falið sóttvarnalækni að hafa yfirumsjón með verkefninu, en Landspítalinn mun sjá um framkvæmd þess og leggja til starfsmenn, aðstöðu og nauðsynlegar greiningarrannsóknir. Í samræmi við þetta mun Landspítalinn undirrita samkomulag við Gilead um framkvæmd verkefnisins í árbyrjun 2016.

Sóttvarnalæknir hefur gert nauðsynlega samninga við Landspítalann og aðra aðila um vinnslu upplýsinga í smit-sjúkdómaskrá og annarra gagnaupplýsinga. Markmiðið er að meðhöndla alla sem hafa smitast af veirunni þannig að smitleiðir manna í milli rofni og sjúkdómnum verði bægt frá samfélaginu.

Sárasótt á Íslandi 2015

Aukningin sem varð vart árið 2014 á fjölda einstaklinga sem greindust með sárasótt hélt áfram á árinu 2015, en þá greindust 27 manns með sjúkdóminn,

þar af 24 karlmenn og þrjár konur (sjá mynd 3). Flestir þeirra sem sýktust voru karlar sem stunda kynlíf með öðrum körlum. Ein barnshafandi kona greindist með sýkingu af völdum sárasóttar, en slík sýking getur valdið skaða á fóstri ef hún er ómeðhöndluð.

Klamydía og lekandi 2015

Á árinu 2015 greindust 1718 tilfelli af klamydíu, en 60% þeirra voru konur. Er það svipuð tala og árin áður. Þá greindust 37 tilfelli af lekandi á árinu en 78% þeirra voru karlar. Það eru einnig svipaðar tölur og árin á undan.


HIV/alnæmi 2015

Tilkynnt var um HIV-sýkingu hjá 13 einstaklingum árið 2015. Af þeim voru 11 karlmenn og tvær konur. Af þeim 13 sem greindust með HIV-sýkingu reyndust tveir vera með alnæmi, sem er lokastig sjúkdómsins, en enginn lést af



völdum hans á árinu. Áhættuþættir tengdust kynlífi samkynhneigðra í sex tilfellum en kynlífi gagnkynhneigðra í sjö tilfellum. Ekkert tilvik tengdist fíkniefna-neyslu á árinu. Af þeim 13 sem greindust með HIV-sýkingu eru tíu af erlendu bergi brotnir en þrír eru íslenskir ríkisborgarar. Nokkuð færast í vöxt að einstaklingar sem flytjast til landsins hafi greinst með sjúkdómnum erlendis og hafi þegar hafið meðferð fyrir komu til landsins. Sjá nánar mynd 4, bls. 3.

Hettusóttarfaraldur á Íslandi árið 2015

Eftir að almenn bólusetning hófst hér á landi gegn hettusótt árið 1989 má heita að þeim sjúkdómi hafi verið bægt frá landinu með stöku undantekningum, sjá mynd 5, bls. 3. Í lok maí 2005 braust út hópsýking af völdum hettusóttar hér á landi, en hingað til lands barst hettusóttin frá Englandi. Hópsýkingin náði hámarki hér á landi í desember 2005, en það árið greindust 85 einstaklingar. Flestir sem greindust voru 20–24 ára. Því ákvað sóttvarnalæknir að hvetja alla einstaklinga fædda á árunum 1981 til og með 1985 að láta bólusetja sig gegn sjúkdómnum ef þeir höfðu ekki verið bólusettir áður. Dró þá



Mynd 3



aftur verulega úr sjúkdómnum og árin 2011 til 2014 greindust engin tilfelli fyrir utan eitt árið 2013.

Á árinu 2015 greindust hins vegar 58 einstaklingar með staðfesta hettusótt hér á landi. Af þeim höfðu 48 ekki verið bólusettir, eða 83%. Meðalaldur þeirra sem greindust reyndist 28 ár og flestir (29) fæddir á árunum 1983–86. Þrátt fyrir að bólusettir einstaklingar geti veikst af hettusótt er bólusetning eini raunhæfi valkosturinn til að koma í veg fyrir sýkinguna. Sóttvarnalæknir mælir með því að einstaklingar sem fæddir eru eftir 1980, sem ekki hafa verið bólusettir eða hafa ekki fengið hettusótt, láti bólusetja sig.

Ásókn í bólusetningu gegn inflúensu

Á hverju ári pantar sóttvarnalæknir 60 þúsund skammta af bóluefni gegn árstíðarbundinni inflúensu sem eru einkum ætlaðir einstaklingum 60 ára og eldri og öðrum sem teljast í sérstökum áhættuhópum vegna undirliggjandi sjúkdóma. Byggist þetta magn bóluefnisins á reynslu undanfarinna ára á notkun þess. Á árinu 2015 brá svo við að allt bóluefnið var upp urið í byrjun september og voru því lögð drög að því að kaupa 5000 aukaskammta. Var bóluefnið tilbúið til afhendingar á fyrstu dögum ársins 2016. Inflúensan er nokkuð sein á þessum vetri en hennar er þó farið að gæta í nágrannalöndum okkar.

Lærdómar af ebólufaraldrinum sem hófst árið 2014

Dagana 12.–14. október 2015 var haldinn fundur á vegum Heilbrigðisöryggisnefndar ESB (*Health Security Committee*) í Lúxemborg. Markmið fundarins var að rýna viðbrögð við ebólufaraldrinum í Afríku og að læra og gera betur næst þegar atvik verður sem ógnar lýðheilsu þjóða. Fundurinn var yfirgripsmikill og var þátttakendum skipt upp í fjóra vinnuhópa sem skiluðu niðurstöðum í fundarlok. Fulltrúar frá sóttvarnalækni og Landspítala sóttu fundinni. Umræðuefni fundarins voru:

1. Samhæfing og mikilvægi góðrar samvinnu stofnana og allra þjóða þegar atvik verður sem ógnar lýðheilsu og nær yfir landamæri.
2. Miðlun bestu þekkingar við greiningu, sóttvarnir og meðferð.
3. Bestu aðferðir við miðlun upplýsinga til almennings þegar háski er yfirvofandi.
4. Faraldursfræði og aðferðir til að fyrirbyggja að faraldur brjótist út.

Niðurstöðum fundarins hefur verið

miðlað til heilbrigðisyfirvalda og verða þær nýttar í frekari undirbúningi til að sporna gegn því að sjúkdómsfaraldur brjótist út.

Í lok desember 2015 gaf bráðanefnd, sem starfar samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, út yfirlýsingu um þann árangur sem hafði náðst í baráttunni gegn ebólufaraldrinum í Vestur-Afríku. Síðasta tilfellið greindist 21. október 2015 í Gíneu, 8. ágúst 2015 í Sierra Leone og 20. mars 2015 í Líberíu.

Á tímabilinu frá mars til nóvember 2015 brutust út 10 nýjar hópsýkingar sem stöfuðu af sýkingum sem bárust frá einstaklingum sem voru í afturbata. Síðasta slík hópsýking átti sér stað í Líberíu, sem tilkynnti um þrjú tilfelli dagana 19.–20. nóvember 2015. Enda þótt tekist hafi að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins er þetta vísbending um að mikilvægt sé að vera á varðbergi og styðja þær þjóðir sem glíma við þennan vanda.